

MBL-Mótaröðin, sumarið 2021

Mótshaldari:

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey



KEPPNISFYRIRMÆLI

Merkingin '[EK]' í Kappsiglingafyrirmælum merkir að ekki er hægt að kæra annan bát vegna brots á þessari reglu. Þetta breytir reglu 60.1(a).

1 REGLUR

1.1 Á mótinu gilda reglurnar eins og skilgreindar eru í The Racing Rules of Sailing, The Equipment Rules of Sailing að svo miklu leiti sem þær reglur eiga við, IRC RULE, Kappsiglingafyrirmæli SÍL og aðrar reglur sem gilda kunna svo sem Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó. Auk þess opinberar reglur og fyrirmæli vegna Covid-19 eins og við á.

The regatta will be governed by the rules as defined in 2021 - 2024 World Sailing Racing Rules of Sailing, IRC RULE 2021, and other rules that might apply such as, International Regulations for Preventing Collisions at Sea. Official rules and regulations related to Covid-19.

Hér eru hlekkir á þær reglur sem við eiga:

THE RACING RULES OF SAILING <https://www.sailing.org/documents/racing-rules.php>

IRC: <https://ircrating.org/irc-rule/>

Kappsiglingafyrirmæli SÍL:

<http://silspport.is/index.php/motahald/keppnisreglur/59-kappsiglingafyrirmaeli-sil>

1.2 Ef Íslenskar og Enska siglingareglur eða kappsiglingareglur stangast á þá gildir Enska útgáfan. If there is a conflict between languages the English text will take precedence.

1.3 Íslenski textinn í þessum kappsiglingafyrirmælum gildir fram yfir þann Enska. The Icelandic text in this Sailing Instructions precedes over the English text.

2 TILKYNNINGAR TIL KEPPENDA

2.1 Tilkygningar til keppenda verða annað hvort birtar á upplýsingatöflu mótsins í klúbbhúsinu eða á facebook síðunni " Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey - Reykjavik Yachtclub "

Notices to competitors will be posted on the official notice board(s) located at inside the clubhouse or on the facebookpage " Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey - Reykjavik Yachtclub " .

3 BREYTINGAR Á KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLUM

3.1 Breyting á ræsingartíma eða frestun keppni og allar breytingar á kappsiglingafyrirmælum verða birtar fyrir skipsstjórafund þann dag sem keppni á að fara fram.

Any change to starting time, postponement or changes to the sailing instructions will be posted before before skippers meeting on that day.

3.2 Keppnisstjórn er staðsett í húsnaði félagsins á Ingólfsgarði. Hægt er að senda tölvupóst á brokey@brokey.is

3.3 Eftir skipsstjórafund að tilkynningu úrslita er hægt að hafa samband við keppnisstjórn með talstöð á VHF rás 6.

3.4 Keppnisstjórn getur gefið fyrirmæli gegnum talstöð VHF rás 6 um breytingu á braut, aflýsingu keppni, þjófstart eða hverjar aðrar upplýsingar sem koma þarf til keppenda.

4. SIÐAREGLUR

4.1 Keppendur skulu hlýða sanngjörnum fyrirmælum keppnishaldara.

MBL-Mótaröðin, sumarið 2021

Mótshaldari:

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey



4.2 Keppendur og aðstoðarfólk skulu meðhöndla búnað keppnishaldara af varkárni, og sýna góða umgengni.

5 MERKI GEFIN Í LANDI

5.1 Merki í landi verða gefin á þeim stað sem keppisstjórn hefur komið sér fyrir. Oftast við klúbbhúsið eða við vitann við Sæbraut.

5.2 Ef merkjaflagg AP er birt í landi þá er frestun um óákveðinn tíma.

6 SKIPULAG OG DAGSETNINGAR

6.1 Mótið fer fram alla þriðjudaga í maí, júní, júlí, ágúst og til og með 14. september.

6.2 Keppni sem er frestað á þriðjudegi fer fram á miðvikudegi eða fimmtudegi í samræmi við uppgefna frestun. Ef ekki er keppt á einum þessara þriggja daga þá fellur sú umferð niður og er ekki talin með.

6.3 Stefnt er að því að sigla að minnsta kosti 10 umferðir. Umferðir geta orðið færri eða fleiri samkvæmt ákvörðun mótshaldara.

6.4 Keppt er í opnum flokki kjölbáta með IRC forgjöf og án forgjafar.

6.5 Viðvörðunarkerki er gefið kl. 18:25

6.6 Keppni er ekki ræst eftir klukkan 19:00

6.7 Keppni lýkur klukkan 21 og bátar sem ekki ná í mark fyrir þann tíma fá DNF.

6.8 Frávík á sérhverju atriði í þessum hluta fyrirmæla, 5 Skipulag og dagsetningar, er ekki tilefni til leiðréttingar á úrslitum. Þetta breytir RRS 62.1 (a).

6.9 Skráning og greiðsla þátttökugjalds er á <https://www.sportabler.com/shop/brokey> eða í félagsheimili.

7 MERKJAFÁNAR

7.1 Hvítur fáni með merki félagsins er 5 mínútna merki. Aðrir merkjafánar eru samkvæmt RRS.

8 KEPPNISSVÆÐI

8.1 Keppt er á sundunum við Reykjavík.

9 BRAUTIR

9.1 Keppnisbraut er gefin upp á upplýsingatöflu fyrir hverja keppni.

9.2 Það er á ábyrgð keppenda að afla sér upplýsinga um brautina fyrir keppni.

9.3 Rásmark er milli keppnisstjórnar í landi eða keppnisstjórnar á bát og bauju. Endamark er milli keppnisstjórnar í landi og bauju, nema annað komi fram á skipsstjórafundi.

10 MERKI EÐA BAUJUR

10.1 Merki eða baujur eru settar út í upphafi sumars. Þeim gæti fjölgað eða fækkað eða verið færðar úr stað milli keppna. Einnig er notast við fastar baujur sem eru siglingamerki á svæðinu.

10.4 Rásmark er milli keppnisstjórnar í landi eða keppnisstjórnar á bát og bauju. Endamark er milli keppnisstjórnar í landi og bauju, nema annað komi fram á skipsstjórafundi.

11 SVÆÐI SEM ERU HINDRANIR

Eftirfarandi svæði eru hindrun: Allar eyjar á svæðinu og dýpi merkt minna en 3 metrar á sjókorti. Skip og bátar sem eru á leið í og úr höfn eða við akkeri á ytrihöfn. Öryggissvæði herskipa.

MBL-Mótaröðin, sumarið 2021

Mótshaldari:

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey



12 RÆSING

- 12.1 Ræsing fer fram samkvæmt RRS 26 þar sem aðvörunarmerki er gefið 5 mínútum fyrir rásmerki.
- 12.2 Ráslínan er milli bauju og þess staðar þar sem keppnisstjórn er staðsett með appelsínugula veifu
- 12.3 Bátur sem hefur ekki keppni innan 15 mínútna eftir rásmerki er úrskurðaður Hóf ekki keppni "Did Not Start" án frekari úrskurðar. Þetta breytir RRS A4 og A5.
- 12.4 Ef einhver hluti báts er yfir ráslínu þegar keppni hefst þá birtir keppnisstjórn merkjaflaggið X og reynir að tilkynna keppendum á VHF rás 6 nafn báts eða seglanúmer. Það er á ábyrgð keppenda að staðsetja sig rétt. Takist keppnisstjórn ekki að tilkynna þjófstart er það ekki tilefni til leiðréttingar á úrslitum. Þetta breytir RRS 62.1 (a).

13 BREYTING Á NÆSTA LEGG BRAUTAR

- 12.1 keppnisstjórn færir ekki merki (baujur), keppni gæti þó verið stytta og er þá tilkynnt um það. Baujur gætu hafa verið færðar eða færst úr stað milli keppna.

14 MARK

- 14.1 Endamark er milli bauju við endamark og fánastangar með appelsínugulu eða bláu flaggi þar sem keppnisstjórn er stödd.
- 14.2 Ef keppnisstjórn er fjarverandi þegar bátur lýkur keppni þá skal áhöfn taka tímann og tilkynna öðrum keppendum eins fljótt og auðið er. Einnig skal bátur fylgjast með öðrum keppendum og taka tíma þeirra ef augljóst er að keppnisstjórn er fjarverandi.

15 REFSINGAR

- 15.1 Refsingar vegna brota á reglum eru eftirfarandi:
Bátur má velja annað af tvennu:
 1. Einn eða tvo hringi eftir því hvert brotið var, Reglur 44.1 og 44.2. (Einn hringur fyrir að rekast á bauju tveir hringir fyrir annað).
 2. Eða taka á sig lækkun um eitt sæti fyrir hvert brot í keppninni samkvæmt reglu: Reglu 44.3. Það gildir ekki um þjófstart. (Verður að birta gula veifu og tilkynna brot til keppnisstjórnar).

16 TÍMATAKMÖRK

- 16.1 Ef enginn bátur hefur náð að fyrsta merki (bauju) innan einnar klukkustundar frá rásmerki þá skal keppni hætt. Það að ná ekki tímamörkum er ekki tilefni til leiðréttingar á úrslitum. Þetta breytir RRS 62.1 (a).
- 16.2 Þegar bátur er augljóslega síðastur samkvæmt IRC útreikningi þá þarf keppnisstjórn ekki að bíða eftir að hann ljúki keppni og tilkynnir úrslit.
- 16.2 Batar sem ljúka ekki keppni innan tveggja klukkustunda frá því að fyrsti bátur kemur í mark fá stöðuna Lauk ekki keppni "Did Not Finish" án úrskurðar dómnefndar. Þetta breytir RRS 35, A4 og A5.

17 KÆRUR OG KRÖFUR UM LEIÐRÉTTINGU

- 17.1 Kærublöð útvega keppendur sjálfir. Kærur og kröfur um leiðréttingu þarf að afhenda innan tilskilins tímafrests.
- 17.2 Kærufrestur hvern dag er 60 mínútur eftir að síðasti bátur kom í mark þann dag. Kærur eru teknar fyrir og afgreiddar áður en næsta keppni hefst.

MBL-Mótaröðin, sumarið 2021

Mótshaldari:

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey



- 17.3 Keppendur verða látnir vita af sjóprófum sem þeir eru aðilar að samkvæmt þeim upplýsingum sem eru uppgefnar á kæru.
- 17.4 Tilkynningar um kærur fara fram samkvæmt RRS 61.1(b).
- 17.5 Listi yfir báta sem brjóta RRS 42 verður birtur.
- 17.6 Brot á kappsiglingafyrirmælum liðum: 25, 26 og 27 er ekki ástæða til kæru. Þetta breytir RRS 60.1(a).
- 17.7 Krafa um leiðréttingu verður að berast ekki síðar en 30 mínútum eftir birtingu úrslita. RRS 62.2.
- 17.8 Ákvarðanir kæruneftar eru endanlegar samanber RRS 70.5.
- 17.9 Kærufrestur í síðustu keppni er sá sami en tími til úrskurðar gæti verið stytur ef birta þarf úrslit innan ákveðins tíma. Til dæmis vegna birtingu úrslita og verðlaunaafhendingar.

18 STIGAGJÖF

- 18.1 Stigakerfi er lágstigakerfi samkvæmt viðauka A A4 í Racing Rules of Sailing, með þeim breytingum sem upp eru taldar hér.
- 18.2 Ljúka þarf í það minnsta 5 umferðum til að mótið teljist hafa farið fram og fjórar bestu gilda.
- 18.3 Þegar 10 umferðum er lokið þá gilda allar nema tvær verstu.
- 18.4 Þegar 15 umferðum er lokið þá gilda allar umferðir nema þrjár verstu.
- 18.5 Ef mótið er framlengt og sigldar eru fleiri umferðir þá gildir sama regla að kasta einni keppni af hverjum fimm.
- 18.6 Bátur sem startar en lýkur ekki keppni (DNF), hættir keppni eða dregur sig í hlé fær stig jafnan fjölda þeirra sem hófu keppni. Þetta breytir RRS A4.
- 18.7 Bátur sem ekki tekur þátt (DNS) fær fjölda þeirra sem hófu keppni plús eitt stig. Þetta breytir RRS A4.
- 18.8 Bátur sem er dæmdur úr leik (DSQ) fjölda þeirra sem hófu keppni plús tvö stig. Þetta breytir RRS A4.

19 ÖRYGGISREGLUR

- 19.1 Bátar skrá sig sjálfir fyrir keppni og greiða keppnisgjöld gegnum: <https://brokey.felog.is/>
Eða
- 19.2 Bátar skrá sig sjálfir fyrir keppni í félagsheimili Brokeyjar. Skrá skal Nafn báts, seglanúmer eða annað auðkenni og alla áhafnarmedlimi. Seglanúmer er ekki skylda, og þarf ekki að vera sama númer á öllum seglum, þetta breytir öðrum reglum um seglanúmer.
- 19.3 Bátur sem hættir keppni skal tilkynna það til keppnisstjórnar eins fljótt og auðið er.
- 19.4 Eigandi báts er ábyrgur fyrir skráningu keppenda og greiðslu keppnisgjalda.

20 SKIPT UM ÁHÖFN EÐA BÚNAÐ

- 20.1 Skipta má út áhafnarmedlimum að vild og engar hömlur eru á fjölda áhafnarmedlima. Þetta breytir öllum öðrum reglum um slíkt.
- 20.2 Allan búnað má endurnýja að vild, skipta um segl eða breyta fjölda þeirra um borð. Þetta breytir öllum öðrum reglum um slíkt. Seglastærðir og breytingar verða þó að rúmast innan mællireglu IRC að öðrum kosti verður að sækja um breytingu á IRC forgjöf.
- 20.3 IRC forgjöf má breytast og gildir þá sú nýja frá dagsetningu hennar en sú eldri fram að dagsetningu umsóknar. Ef forgjafir berast seint þá gilda þær forgjafir sem koma afturvirktil upphafs fyrstu keppni eins og við á.

MBL-Mótaröðin, sumarið 2021

Mótshaldari:

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey



20.4 Nýr eigandi að bát tekur við stöðu bátsins í mótinu og sá sem er eigandi bátsins í lok mótsins er handhafi lokastöðu bátsins í mótinu. Þetta breytir einnig reglum IRC þannig að staða, forgjöf og allt færast yfir á nýjan eiganda í lok mótaraðar.

21 TÆKI OG MÆLINGAR

Bát á floti getur verið vísað, af keppnisstjórn, mótsstjórn eða til þess bærur viðurkenndum mælingarmanni, á tiltekinn stað til tafarlausrar skoðunar og mælinga. Á landi eða við bryggju má skoða búnað eins og tiltekið er í reglum eða klukkustund fyrir keppni og um leið og bátur kemur að bryggju eftir keppni.

22 AUGLÝSINGAR

Bátar skulu birta auglýsingar mótshaldara eins og farið er fram á. Ef þessi regla er brotin þá gildir: World Sailing Regulation 20.9.2.

23 BÁTAR KEPPNISSTJÓRNAR

Opinberir bátar keppnisstjórnar eru merktir með fána eða merki félagsins.

24 AÐSTOÐARBÁTAR

24.1 Hópstjórar, þjálfarar og annað stuðningslið skal halda sig fyrir utan keppnissvæðið frá því að aðvörumerki er gefið og þar til allir bátar hafa lokið keppni.

24.2 Stuðningsbáta þarf ekki að merkja sérstaklega en tilkynna skal veru þeirra til keppnisstjórnar.

25 SORPLOSUN

Rusl og sorp má setja um borð í stuðningsbáta og hjá keppnisstjórn. Sorp má ekki fara í sjó vísitandi.

26 FJARSKIPTI

Öll fjarskipti og samskipti eru án allra takmarkana.

27 VERÐLAUN

Gefin eru verðlaun fyrir:

Fyrsta sæti, annað sæti og þriðja sæti reiknað samkvæmt gildandi IRC forgjöf mótsins..

Fyrsta sæti, annað sæti og þriðja sæti án forgjafar.

28 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 3 (RRS 3), Ákvörðun um að keppa.

Með því að taka þátt í þessum viðburði samþykkir hver og einn keppandi og gerir sér grein fyrir að siglingar eru mögulega hættulegar og að þeim fylgir áhætta. Þessar áhættur geta verið sterkur vindur og úfinn sjór, snöggar breytingar á veðri, bilun í búnaði, mistök í meðhöndlun báts, léleg sjómennska hjá öðrum bátum, missir á jafnvægi á óstöðugum fleti og þreyta sem getur valdið aukinni hættu á slysum og óhöppum. Skútusiglingaþróttum fylgir ávallt hættu á alvarlegum slysum, dauða vegna drukknunar, slysa, ofkælingar eða af öðrum orsökum.

Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.

MBL-Mótaröðin, sumarið 2021

Mótshaldari:

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey



29 TRYGGINGAR

Hver bátur skal vera tryggður með gildri ábyrgðartryggingu og geta framvísað staðfestingu á tryggingunni.

30 HÖFUNDAR

30.1 Höfundar þessara kappsiglingafyrirmæla eru keppendur sjálfir. Breytingar á þeim skal bera undir keppendur með lýðræðislegum hætti.

30.2 Höfundar þessara kappsiglingafyrirmæla bera enga persónulega ábyrgð á innihaldi þeirra.